

Nd.

1217. Nefndarálit

[119. mál]

um frv. til l. um lögverndun á starfsheiti kennara.

Frá meiri hl. menntamálanefndar.

Nefnd á vegum menntamálaráðherra hefur unnið að því að kanna með hvaða hætti sé unnt að ná samkomulagi við fulltrúa kennarasamtakanna um hvað felast skuli í frv. um lögverndun á starfsheiti kennara án þess að skólastarfi í landinu sé stefnt í hættu vegna kennaraskorts. Nefndin hefur ekki lokið störfum og því leggur meiri hl. til að frv. verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi, 10. júní 1985.

Halldór Blöndal,
form., frsm.

Ólafur Þ. Þórðarson.

Birgir Ísl. Gunnarsson.

Ólafur G. Einarsson.